

154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal 787 – 581. mál.

Prentað upp.
Leiðréttur texti.

Skýrsla

utanríkisráðherra um framkvæmd EES-samningsins.

Efnisyfirlit

1. Stiklað á stóru	3
2. Samstarfsáætlanir: Góður árangur í upphafi tímabils	4
3. Þróun innan ESB sem hefur áhrif á EES-samstarfið	8
4. Rekstur EES-samningsins	10
4.1 Upptaka gerða í EES-samninginn frá miðju ári 2022 fram til júlí 2023	10
4.2 Innleiðing EES-gerða og eftirfylgni Eftirlitsstofnunar EFTA	11
4.3 EFTA dómstóllinn og önnur dómsmál	12
4.3.1 Dómsmál gegn Íslandi vegna tafa á innleiðingu	12
4.3.2 Önnur mál er vörðuðu íslenska aðila	13
4.3.2 Önnur dómsmál sem geta haft áhrif á EES-samstarfið	14
5. Uppbyggingarsjóður EES	15
5.1 Núverandi sjóður	15
5.2 Samkomulag um nýtt sjóðstímabil	15
6. Hagsmunagæsla Íslands í EES-samstarfinu	16
6.1. Almennt um hagsmunagæslu	16
6.2 Breytingar á viðskiptakerfi með losunarheimildir - flugmálið	16
6.3 Fráveitumálin	19
6.4 Orkunýtni	20
6.5 Kolefnisjöfnunargjald við landamæri	21
6.6 Stafrænir markaðir og stafræn þjónusta	21
6.6.1 Stafrænir markaðir	21
6.6.2 Stafræn þjónusta	22
6.6.3 Lyfjamál	22
7. Önnur mál tengd EES-samstarfinu	23
7.1 Gervigreind	23
7.2 Samningur Íslands og ESB um viðskipti með landbúnaðarvörur	23
7.3 Þátttaka í heilbrigðissamstarfi um heilsuvá	24
Viðauki: Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem teknar voru með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu frá júlí 2022 til og með júní 2023	25

1. Stiklað á stóru.

Það hefur löngum verið viðfangsefni íslenskra stjórnvalda að vinna að frjálsum milliríkjavíðskiptum. Við þær aðstæður hefur Íslandi að jafnaði farnast best. Fyrir um 65 árum tók Ísland þátt í viðræðum á vettvangi Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu um fríverslunarsvæði þeirra 17 Evrópuríkja sem að stofnuninni stóðu – eins konar Evrópskt efnahagssvæði þess tíma. Ekki gengu þær fyrirætlanir þó eftir. Með aðild Íslands að EFTA 1970 og fríverslunarsamningi Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu í kjölfarið var stigið mikilvægt skref til að tryggja aðgang fyrir íslenskar afurðir á Evrópumarkað. Á næsta ári verður því fagnað að 30 ár eru liðin frá gildistöku EES-samningsins en það er eitt mikilvægasta skref sem Ísland hefur á síðari tímum tekið til samstarfs við aðrar þjóðir. Við þessi tímamót er við hæfi að draga fram þann margvíslega ávinning sem samningurinn hefur fært almenningi og atvinnulífi í árunna rás og hvernig hann hefur átt snaran þátt í því að skapa það samfélag framsækni og velmegunar sem við Íslendingar njótum.

Þátttaka Íslands á núverandi tímabili samstarfsáætlana Evrópusambandsins fer vel af stað. Því eru gerð sérstök skil í næsta kafla. Margir Íslendingar hafa nýtt sér þessar áætlanir í leik og starfi með góðum árangri. Vel hefur einnig tekist til við að auka tvíhliða samstarf við viðtökuríki Uppbyggingarsjóðs EES. Ánægjulegt er að nú hefur tekist að ljúka viðræðum um nýtt tímabil Uppbyggingarsjóðs EES og markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir til sama tíma. Þá er jákvætt að í fyrsta skipti frá upphafi EES-samstarfsins hefur framkvæmdastjórn ESB fallist á að ráðast í sameiginlega endurskoðun á viðskiptakjörum fyrir vörur milli Íslands og ESB með heildstæðum hætti. Gerð er nánari grein fyrir niðurstöðu viðræðnanna í skýrslunni.

Eðli málsins samkvæmt þarf innri markaður EES að taka tillit til þeirra vinda sem blása í heiminum hverju sinni og standast tímans tönn. Markaðurinn hefur sannað gildi sitt og aðlögunarhæfni á umbrotatímum í heimsmálum þegar öflun aðfanga og víðskipti á heimsmörkuðum virðast eiga í vök að verjast, m.a. á tímum Covid-heimsfaraldursins og í kjölfar árásarstríðs Rússa gegn Úkraínu. ESB hefur kosið að nýta tæki innri markaðarins til að bregðast við þessari þróun og til að auka efnahagslegt öryggi í Evrópu. Hluti af þessari þróun er að skapa evrópskum fyrirtækjum samkeppnishæf starfsskilyrði gagnvart keppinautum utan innri markaðarins, sem þurfa ekki að uppfylla sömu kröfur eða njóta mikilla ríkisstyrkja en það getur valdið undirboðum á markaði. Að sama skapi þarf að bregðast við þegar ríki hindra útflutning mikilvægra aðfanga í þágu eigin iðnaðar. Er þar sérstaklega horft til iðngreina sem styðja við hin grænu umskipti, s.s. orkuskipti en einnig til mikilvægrar hráefnisframleiðslu. Á sama tíma er mikilvægt að ekki sé hróflað við samkeppnisskilyrðum innan innri markaðarins, m.a. í ríkisstyrkjakapphlaupi, eða falla í freistni verndarhyggju í víðskiptum við umheiminn. EFTA-ríkin innan EES standa nú frammi fyrir hagsmunamati út frá efnahagslegu öryggi sínu um hvað það þýði að standa innan eða utan við þessar aðgerðir á vettvangi EES-samstarfsins, en gera má ráð fyrir að ráðstafanir sem varða efnahagsöryggi verði vaxandi hluti af löggjafarstarfi ESB næstu ár. Í tilefni af 30 ára afmæli innri markaðarins verður efnt til samtals um framtíð innri markaðarins og munu EFTA-ríkin innan EES – Ísland, Liechtenstein og Noregur – leitast við að taka þátt í því samtali og koma áherslum sinna stjórnvalda á framfæri.

Nauðsynlegur hluti af EES-samstarfinu er að halda uppi öflugri hagsmunagæslu. Enda þótt hagsmunir Íslands fari yfirleitt saman með samstarfsríkjunum innan EES koma endrum og sinnum upp gerðir sem orka með öðrum hætti á íslenskar aðstæður en að er stefnt eða geta

jafnvel haft skaðlegar afleiðingar. Þá er mikilvægt að hafa á að skipa öflugri framvarðasveit sem kann að skima fyrir því sem er á döfinni í Brussel og meta hvernig það snertir íslenskar aðstæður. Það sýndi sig vel í hinu svokallaða flugmáli þar sem náðist með málafylgju að tryggja viðunandi sérlausn sem byggði á sérstöðu Íslands og tryggði samkeppnisskilyrði millilandaflugs hér á landi. Mikilvægt er að horfa til heildarhagsmuna innan EES-samstarfsins þegar óskað er sérlausna og að það sé einungis gert þegar brýna nauðsyn ber til eða hagsmunir eru miklir. Annars er hætta á að grafið sé undan stöðu Íslands innan samstarfsins þegar raunveruleg þörf er á sérlausnum. Það er jafnframt mjög jákvætt að samtök atvinnulífsins hugi nú að því að styrkja hagsmunagæslu sína í Brussel auk þess sem Alþingi hefur haft til skoðunar að senda út starfsmann til að styrkja sjálfstæða upplýsingaöflun og tengsl við Evrópuþingið.

Hvað sem þessu líður er þörfin á brúarsmiði viðvarandi og engin ástæða til að forðast að ræða hvernig gera megi starfið skilvirkara, auka aðkomu að stefnumótun og jafnvel dýpka samstarfið. Á sama tíma er nauðsynlegt að varðveita eðli samstarfsins og gæta vel að því að sá góði samningur sem við eigum aðild að í dag haldi gildi sínu og skili þeim árangri sem að er stefnt.

EFTA-ríkjunum innan EES ber að virða og taka alvarlega þær grunnreglur sem EES-samningurinn byggist á. Á fyrra löggjafarþingi lagði þáverandi utanríkisráðherra fram frumvarp til breytinga á lögum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993 sem ætlað var að styrkja innleiðingu bókunar 35 við samninginn. Þessari bókun er öðrum þræði ætlað að tryggja að einstaklingar og fyrirtæki fái notið þeirra réttinda sem samningurinn færir þeim innan þeirra marka sem stjórnskipunin setur. Málið var ekki útrætt en til stendur að fela þinginu málið til meðferðar á ný á yfirstandandi löggjafarþingi.

Sérstök skýrsla um framkvæmd EES-samningsins er nú lögð fram á Alþingi í fjórða sinn. Skýrslan er lögð fram á haustþingi og spannar að meginstefnu til tímabilið frá miðju ári 2022 fram á mitt ár 2023. Almenn framkvæmd EES-samningsins gengur vel. Það er þó vissst áhyggjuefni að innleiðingarhalli EES-gerða skuli vera að aukast þrátt fyrir að undanfarin misseri hafi mikil vinna verið lögð í að ná honum niður. Hins vegar hefur tekist að fækka þeim gerðum sem bíða upptöku í samninginn, sérstaklega þeim sem hafa beðið um tíma. Þar sem samningurinn er dýnamískur og uppfærður reglulega í takt við breytingar á löggjöf innri markaðarins er upptaka og innleiðing gerða, eðli málsins samkvæmt, viðvarandi verkefni.

Með skýrslunni og umræðu um hana á Alþingi gefst tækifæri til að eiga pólitíska umræðu um þetta mikilvæga milliríkjasamstarf Íslands en það er skýr afstaða stjórnvalda að hagsmunum þjóðarinnar sé best borgið innan þess.

2. Samstarfsáætlanir: Góður árangur í upphafi tímabils.


Ísland hefur ásamt hinum EFTA-ríkjunum innan EES, Liechtenstein og Noregi, tekið þátt í samstarfsáætlunum ESB allt frá upphafi EES-samstarfsins árið 1994. Þátttakan í þessum hluta EES-samstarfsins er endurnýjuð með reglubundnum hætti. Yfirstandandi tímabil hófst árið 2021 og mun standa út árið 2027. Ríkin ákveða sjálf í hvaða áætlunum þau taka þátt og ekki taka öll ríkin þátt í þeim áætlunum þar sem þátttaka stendur til boða.

Reynslan af þátttöku Íslands í helstu samstarfsáætlunum ESB á sviði rannsókna og nýsköpunar, menntunar og menningar hefur verið mjög góð. Íslendingar hafa haft mikinn áhuga á þátttöku og hefur gengið vel að vinna í samstarfi við aðrar þjóðir. Styrkveitingar til íslenskra aðila hafa verið meiri en framlög Íslands vegna þátttökunnar. Ekki má heldur vanmeta hinn óbeina ávinning sem er enn mikilvægari. Þar skiptir mestu máli aðgengi að

þekkingu, tengslum og mörkuðum sem nýtist menntakerfinu, menningarlífinu og íslenskum fyrirtækjum.

Í aðdraganda núverandi tímabils stóð utanríkisráðuneytið, sem ber ábyrgð á framkvæmd EES-mála, fyrir breiðu samráði við önnur ráðuneyti um hugsanlega þátttöku í samstarfsáætlunum ESB. Á grundvelli þeirrar vinnu og góðrar reynslu af þátttöku var formlega ákveðið í september 2021 að taka þátt í tólf samstarfsáætlunum. Er það umfangsmesta þátttaka Íslands hingað til þegar horft er til fjölda áætlana og þeirra fjárhagslegu skuldbindinga sem þátttakan felur í sér.

Stærstu samstarfsáætlanirnar hafa frá upphafi verið á sviði rannsókna og nýsköpunar og menntunar og æskulýðsmála. Þær gera fólki á öllum aldri kleift að stunda nám í öðru Evrópulandi og ýta undir margvísleg tengsl og samskipti á milli fyrirtækja, stofnana og einstaklinga í Evrópu. Íslenskum aðilum hefur gengið vel í samkeppni um rannsókn- og nýsköpunarstyrki og á tímabilinu 2014–2020 var árangur íslenskra umsækjenda hlutfallslega talsvert meiri en meðaltal þeirra ríkja sem taka þátt í rannsókn- og nýsköpunaráætluninni. Á sviði menntunar og menningar hefur Íslendingum ekki síður gengið vel og margir sækjast eftir samstarfi við íslenska skóla, stofnanir og fyrirtæki. Til marks um það má benda á að rúmlega 26.000 manns komu til Íslands með styrk frá Erasmus+ áætluninni á tímabilinu 2014–2020 en um 14.000 manns fóru frá Íslandi á sama tímabili. Á sviði menningar má nefna að á sama tímabili hlutu 60 íslensk kvikmynda- og sjónvarpsverkefni styrk úr Creative Europe menningaráætlun ESB. Runnu rúmlega 1,3 milljarðar kr. til íslenskrar kvikmyndagerðar úr áætluninni og er árangurshlutfall Íslands með því hæsta sem þekktist þar.



Nýjar áætlanir fóru ekki af stað fyrr en um mitt ár 2021 og því er aðeins komin tveggja ára reynsla af þátttöku í þeim. Rannís sér um þjónustu við þær áætlanir sem skila mestu til baka í formi styrkja til íslenskra aðila. Rannís uppfærði spá um styrkveitingar úr þeim áætlunum til íslenskra aðila í október á grunni þeirrar reynslu sem komin er. Sú spá gerir ráð fyrir að þrátt fyrir að fjárhagslegar skuldbindingar Íslands á yfirstandandi tímabili aukist verulega vegna þátttöku í fleiri áætlunum en áður, muni styrkveitingar til íslenskra aðila áfram verða hærri en sem nemur skuldbindingunum, eins og sjá má af meðfylgjandi mynd (á bls. 5) sem tekur til þeirra samstarfsáætlana sem Rannís sér um.

Spá Rannís gerir ráð fyrir að íslenskum umsækjendum gangi áfram vel í rannsókn- og nýsköpunaráætluninni Horizon Europe. Upplýsingar um styrkveitingar eru settar fram fyrir hvert tímabil í heild sinni og því er árleg upphæð sú sama allt tímabilið. Vísbendingar eru um góðan árangur bæði hjá háskólum og fyrirtækjum og þegar hefur nokkrum fjölda stórra styrkja verið úthlutað. Þá eru það nýmæli að fyrirtæki fá hvort tveggja styrkveitingu og hlutafé að uppfylltum tilteknum skilyrðum og hafa þrjú íslensk fyrirtæki þegar hlotið viljrði um slíkt. Mögulegt hlutafé nemur umtalsvert hærri fjárhæð en styrkveitingarnar sjálfar og er um 26 milljónir evra (tæpir 4 milljarðar kr.) samtals í þessum þremur tilvikum. Í Horizon Europe er nú meira um samstarfsáætlanir á afmörkuðum sviðum sem eru fjármagnaðar sameiginlega af þeim ríkjum sem velja að taka þátt. Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að taka þátt í 14 slíkum áætlunum sem felur í sér fjárhagslegar skuldbindingar til að kosta að hluta til íslenska þátttöku, en umfang þess liggur ekki fyrir.

Erasmus+ er mennta- og æskulýðsáætlun og eina áætlunin sem er dreifstýrð að langmestu leyti, en í því felst að Ísland fær tiltekna upphæð til úthlutunar á hverju ári sem íslenska landskrifstofan sér um að úthluta til íslenskra umsækjenda. Heimsfaraldurinn hafði þau áhrif að mjög dró úr þátttöku í hvers kyns náms- og starfsdvölum ungs fólks, nemenda og kennara. Þau vistaskipti komust í eðlilegt horf frá og með hausti 2023. Auk þess sem úthlutað er í hverju landi fyrir sig er einnig sótt um hærri styrki miðlægt. Íslenskir háskólar hafa fengið verulegar fjárhæðir í slíka styrki til að auka samvinnu við aðra háskóla til samþættingar á námi og rannsóknum.

Þátttaka í menningar- og kvikmyndaáætluninni Creative Europe er mjög góð eins og áður og stefnir í að árið 2023 verði eitt allra besta árið frá upphafi. Árangurshlutfall íslenskra umsækjenda er mjög hátt og miklu herra en umsækjenda frá öðrum löndum. Flest stærri sjónvarps- og kvikmyndaverkefni hafa hlotið einhvern stuðning á liðnum árum, auk þess sem um er að ræða dreifingarstyrki sem gera það að verkum að íslenskar kvikmyndir ná til fleiri áhorfenda en ella hefði verið.

Ísland tekur nú þátt í tveimur nýjum áætlunum í fyrsta skipti en þátttakan fór hægt af stað þar sem kynna þurfti áætlanirnar fyrir nýjum markhópum og þær eru að sumu leyti frábrugðnar þeim sem Ísland hefur áður tekið þátt í. Þátttakan tók við sér og nema samanlagðar styrkveitingar nú þegar meira en helmingi af því sem Ísland greiðir fyrir þátttökuna. Annars vegar er um að ræða Digital Europe, sem er ætlað að móta stafræna framtíð Evrópu með því að styðja við verkefni sem brúa bilið á milli rannsókna og þróunar og stafrænna afurða á markaði. Þar hafa íslenskir aðilar fengið stuðning til að setja upp miðstöð stafrænnar nýsköpunar, þróa samhæfingarmiðstöð í netöryggismálum, tengja háskóla betur við ofurtölvur, hvatakerfi til fyrirtækja og einstaklinga til að finna og tilkynna öryggisgalla í tölvukerfum og til að þróa evrópska greiðslumiðlun. Hins vegar er um að ræða umhverfis- og loftslagsáætlunina LIFE þar sem nokkrir smærri styrkir hafa verið veittir og að auki stór styrkur sem nemur nærri einum milljarði króna til að þróa vinnslu á áburði úr úrgangi frá

landeldi á laxi. Þess má vænta að styrkveitingar úr þessum áætlunum verði umtalsvert hærri en skuldbindingar Íslands vegna þátttökunnar.

Þátttaka í samstarfsáætlunum ESB felur í sér ávinning fyrir íslenskar stofnanir og fyrirtæki langt umfram styrkveitingarnar einar. Þau verðmæti felast í aðgangi að þekkingu og tengslum fyrir stofnanir á sviði menntunar og menningar, rannsókna og nýsköpunar, sem gerir stofnanirnar enn hæfari til að sinna sínu hlutverki. Fyrir íslensk fyrirtæki sem stefna að útflutningi skiptir aðgangur að tengslum og mörkuðum ekki síður miklu máli.

Auk þeirra áætlana sem hafa þegar verið nefndar eru nokkrar smærri áætlanir og sér Rannís um þrjár þeirra: Evrópska samstöðusveitin (e. European Solidarity Corps) er áætlun sem styrkir sjálfbærliðastarf og er nátengd við Erasmus+ áætlunina og séríslenska Erasmus+ landskrifstofan, sem Rannís hýsir, um framkvæmdina. Single Market Programme sem veitir styrki til reksturs á evrópska fyrirtækjanetinu (e. Enterprise Europe Network), aðstoðar fyrirtæki við sókn á nýja markaði, nýsköpun og leit að erlendum samstarfsaðilum. Þannig fá íslensk fyrirtæki gjaldfrjálstan aðgang að stóru neti ráðgjafa sem nær langt út fyrir Evrópu. Loks fól félags- og vinnumarkaðsráðuneytið Rannís árið 2023 að vera landstengiliður vegna áætlunar Evrópusambandsins um atvinnumál og félagslega nýsköpun (e. Employment and Social Innovation) sem er hluti af European Social Fund.

Ísland hefur ekki áður tekið þátt í EU4Health-samstarfsáætluninni en hefur sú þátttaka farið vel af stað. Embætti landlæknis, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins eða Landspítali koma þegar að níu verkefnum sem ýmist eru hafin, munu hefjast á næstu mánuðum eða eru í umsóknarferli. Verkefnið snúa m.a. að rafrænum heilbrigðislausnum, lýðheilsu og sóttvörnum. Í því sambandi má nefna að miðstöð rafrænna heilbrigðislausna hjá landlækni vinnur nú að uppbyggingu á miðlægri samantekt um heilsufar sjúklings (e. Patient summary) sem verður hluti af sam-evrópskum gagnagrunni um heilbrigðisupplýsingar þegar fram í sækir. Verkefnið er þegar farið af stað og mun því ljúka í lok árs 2026, en það er fjármagnað af EU4Health með beinum styrk. Mikill ávinningur verður af verkefninu fyrir íslenska heilbrigðiskerfið sem mun með þátttökunni koma sér upp miðlægum aðgangi að sjúkrasögu sjúklunga. Hin verkefni, sem embætti landlæknis, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og Landspítali eru aðilar að, eru unnin í samstarfi við önnur lönd. Ávinningur af slíku samstarfi er einnig mikill.

Jafnframt tekur ríkislögreglustjóri þátt í RescEU-áætluninni sem er á sviði almannavarna. Hefur áætlunin m.a. nýst til stuðnings aðgerða út af náttúruhamförum á Reykjanesi.

Árið 2023 var síðan gengið frá þátttöku Íslands í InvestEU-áætluninni sem sameinar ábyrgða- og fjárfestingahluta ýmissa annarra eldri áætlana auk þess sem bætt er við veglegu viðbótarfjármagni til að hvetja til grænna og stafrænna fjárfestinga. Sá stuðningur sem býðst í gegnum InvestEU er í formi ábyrgða, lána eða eigin fjár og á hagstæðari lánakjörum en almennt bjóðast á markaði. Ísland tekur þátt í þremur af fjórum málefnasviðum InvestEU sjóðsins þ.e. á sviði sjálfbærra innviða, rannsókna, nýsköpunar og stafrænnar þróunar og vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Helstu framkvæmdaraðilar InvestEU eru Fjárfestingabanki Evrópu (e. European Investment Bank - EIB) og Fjárfestingarsjóður Evrópu (e. European Investment Fund - EIF). Þeir tveir munu annast 75% af heildaráætluninni. EIB er ætlað að veita bæði bein og óbein lán en EIF aðeins óbein. Óbeinar fjárveitingar yrðu í gegnum milliliði (t.d. sjóði eða banka í þátttökulöndunum). Norræni fjárfestingarbankinn (e. Nordic Investment Bank - NIB) er jafnframt framkvæmdaraðili hvað beina lánveitingu varðar.

Um þessar mundir er unnið að þátttöku í áætlun ESB um örugg fjarskipti um gervihnattakerfi (e. Secure Connectivity Programme).

Stuðningur við græn umskipti.

Nýsköpunarsjóður ESB á sviði loftslagsmála (e. Innovation Fund) er ekki hluti af samstarfsáætlunum Evrópusambandsins. Íslenskir aðilar geta þó sótt fé í sjóðinn vegna þátttöku Íslands í ETS-kerfinu, en sjóðurinn er fjármagnaður í gegnum kerfið. Síðari hluta árs 2022 hlaut Carbfix styrk sem nemur um 16 milljörðum íslenskra króna úr sjóðnum til uppbyggingar á móttöku- og förgunarmiðstöðinni Coda Terminal, Sódastöðinni, í Straumsvík. Er þetta stærsti einstaki styrkur sem íslenskir aðilar hafa fengið úr því sjóðakerfi sem Ísland á aðild að í gegnum EES-samstarfið.

Fyrir á þessu ári hlaut verkefnið Terraforming styrk úr LIFE-áætluninni upp á 875 milljónir íslenskra króna. Verkefnið miðar að því að þróa nýja aðferð til að framleiða áburð og lífgas úr þeim lífræna úrgangi sem fellur til við fiskeldi á landi og úr landbúnaði. Verkefnið er til fjögurra ára og er samstarf Landeldis hf, Bændasamtakanna, Orkídeu og Ölfus Cluster og færeyska tækniráðgjafafyrirtækisins SMJ, með stuðningi frá Blue Ocean Technology í Noregi. Þá hafa sveitarfélög og stofnanir fengið stuðning til áætlanagerðar.

Hér eru einungis nefnd nokkur dæmi en ljóst að veruleg tækifæri felast í stuðningi fyrir græn umskipti í gegnum áðurgreinda sjóði og aðra sjóði innan samstarfsáætlanna.

3. Þróun innan ESB sem hefur áhrif á EES-samstarfið.

Ólögmaett árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu kom í beinu framhaldi af kórónuveirufaraldrinum og hefur leitt af sér margvíslega erfiðleika og viðsjár ofan á þær sem fyrir voru. Starf ESB hefur þannig litast af viðbrögðum við þessum áskorunum frá því í byrjun árs 2020 eða í rúmlega þrjú og hálf ár. Óhjákvæmilega hefur þetta ástand litað svo að segja alla umræðu, stefnumótun og ákvörðunartöku innan ESB á þessu tímabili.

Þessar aðstæður hafa krafist þess að ákvarðanatöku hefur þurft að vera skjót og skilvirk. Að sama skapi verður þörfin fyrir samhæfingu og samþættingu í stefnumótun og framkvæmd, oft þvert á ólík málefnasvið, til mikilla muna áþreifanlegri í slíkum aðstæðum. Í tilviki ESB gildir þetta jafnt um samhæfingu og samþættingu á milli aðildarríkja ESB sem og á milli stofnana ESB, en einnig á milli stofnana í stjórnkerfum einstakra aðildarríkja. Það er í slíkum aðstæðum sem reynir á hvort stjórnkerfin búi yfir þeim viðnámsþrótti og þeirri aðlögunarhæfni sem til þarf. Þannig hafa framangreindar krísuáðstæður reynt á flókið stofnanakerfi ESB og aðra innviði. Almennu hefur ákvarðanatöku verið skilvirk og gengið skjótt fyrir sig samanborið við það sem stundum áður hefur sést innan sambandsins.

Kórónuveirufaraldurinn leiddi t.d. til stórauðinnar samþættingar og samvinnu við stjórn heilbrigðismála á meðal aðildarríkja ESB. Ísland naut góðs af því samstarfi á tímum faraldursins, eins og kunnugt er m.a. varðandi sameiginleg bóluefna innkaup. Á grundvelli fenginnar reynslu hefur nú verið sett á fót ný neyðar- og viðbragðsstofnun á sviði heilbrigðismála innan ESB (e. Health Emergency Preparedness and Response Authority – HERA) og hefur Ísland fengið áheyrnaraðild að stjórn þeirrar stofnunar. Samstarf innan ESB á sviði heilbrigðismála fer vaxandi. Ísland fylgist grannt með þróun mála á þessu sviði og hafa

íslensk stjórnvöld sótt á um þátttöku í samstarfinu enda geta legið í því mikilsverðir hagsmunir, svo sem þegar kemur að sameiginlegum viðbrögðum við heilsuvá.

Í kjölfar árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu hefur þörfin fyrir dýpra samstarf innan ESB, einkum á sviði orkumála - ekki síst vegna orkuöryggis- og öryggis- og varnarmála, aukist hröðum skrefum og aukin áhersla verið lögð á öryggi aðfanga og hagvarnir almennt. Viðbrögð ESB og samstarf aðildarríkjanna hafa endurspeglad það.

Óháð framangreindum áskorunum er ljóst að þörfin á aukinni samþættingu og samhæfingu í löggjafarstarfi og framkvæmd er ekki hvað síst áberandi á sviðum þar sem stefnt er að grænum og stafrænum umskiptum. Umhverfismál og græn umskipti eru ef til vill það málaefnasvið þar sem mest reynir á samhæfingu og samþættingu á milli málefnasviða auk þess sem ljóst má vera að árangri verði ekki náð nema með fjölbjóðlegu samstarfi. ESB hefur sett sér það markmið að vera leiðandi í heiminum er kemur að grænum umskiptum. Það krefst samþættrar stefnumótunar og aðgerða svo sem á sviði umhverfismála, orkumála, samgöngumála, iðnaðar- og tæknimála, nýsköpunarmála, mennta- og fræðslumála og samkeppnis- og markaðsmála. Græni sáttmáli ESB (e. European Green Deal) endurspeglar þessa sýn og framkvæmdaáætlun Græna sáttmálans (e. Green Deal Industrial Plan for the Net Zero Age) sem kynnt var í byrjun febrúar 2023 og setur tóninn um metnað ESB á sviði græns tækniiðnaðar og framleiðslu á því sviði. Má segja að orkukreppan í Evrópu í kjölfar árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu ásamt stórauðinni samkeppni á milli ríkja og ríkjabandalaga á þessu sviði, ekki síst með aðfangaöryggi í huga, hafi í raun orðið til þess að hraða framþróun í grænum iðnaði og orkuskiptum og er það vissulega lán í óláni á þeim óvissutímum sem nú eru uppi í alþjóðasamskiptum. Meðal annars hefur ESB sett af stað aðgerðaráætlun undir yfirskriftinni REPowerEU þar sem unnið er að betri orkunýtni og aukinni framleiðslu sólarorku og vindorku innan sambandsins. Þá er unnið að því að bæta samkeppnisumhverfi fyrirtækja í grænum iðnaði.

Aukinn hraði við setningu reglna á vettvangi ESB sem og stöðugt vaxandi þverfagleg nálgun í löggjöf og framkvæmd felur í sér auknar áskoranir við rekstur EES-samningsins og hagsmunagæslu í tengslum við hann. Er mikilvægt af þessum sökum að gæta vel að því að EES-málefnið fái þann forgang og stöðu í skipulagi ráðuneyta sem endurspeglar mikilvægi þeirra. Sterkar EES-starfseiningar í fagráðuneytum eru forsenda þess að samhæfing og samvinna ráðuneyta skili nauðsynlegum árangri, bæði við framkvæmd hagsmunagæslu á mótunartíma nýrrar löggjafar á vettvangi ESB og við upptöku og innleiðingu reglnanna í íslenska löggjöf. Á umliðnum árum hefur verið unnið að því að efla umgjörðina við rekstur EES-samningsins og er það viðvarandi verkefni, enda er samningurinn og samstarf við ESB í stöðugri þróun samhliða því sem ESB sjálft þróast og tekur breytingum. Hefur m.a. verið unnið að því að styrkja sendinefnd Íslands gagnvart ESB og eiga nú öll ráðuneytin fulltrúa í sendiráði Íslands í Brussel. Þá hefur EES-teymi utanríkisráðuneytisins sem fer með almenna framkvæmd samningsins og sinnir samhæfingu í samstarfi við forsætisráðuneytið verið eflt. Til stendur að setja á fót sérstaka samhæfingarnefnd EES-mála innan Stjórnarráðsins. Megintilgangur samhæfingarnefndarinnar er að skapa formlegan vettvang fyrir samstarf á milli ráðuneyta um einstök EES-mál og skýra hvaða ráðuneyti skuli leiða vinnu þegar löggjafarmálefni á vettvangi ESB skarast á milli ráðuneyta. Auk þessa er nefndinni ætlað að nýtast við almenn upplýsingaskipti um EES-mál innan Stjórnarráðsins, hafa yfirsýn yfir EES-mannauð Stjórnarráðsins, halda utan um gerð og eftirfylgni með forgangslista ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu í tengslum við EES-samninginn og vinna að áframhaldandi

umbótastarfi við framkvæmd samningsins. Mun nefndin leysa af hólmi stýrihóp um framkvæmd EES-samningsins sem sinnt hefur hluta framangreindra verkefna undanfarin ár.

Kosningar til Evrópuþingsins fara fram 6. – 9. júní 2024. Á næsta ári rennur jafnframt út fimm ára skipunartímabil núverandi framkvæmdastjórnar ESB. Kosningar til Evrópuþingsins og nýskipan framkvæmdastjórnarinnar marka ávallt ákveðin þáttaskil í stefnumótunar- og löggjafarstarfi innan ESB. Eins og endranær verður náðið fylgst með þróun stefnumótunar á vettvangi ESB og vinnuáætlun nýrrar framkvæmdastjórnar enda hlýtur forgangsröðun verkefna í hagmunagæslu íslenskra stjórnvalda gagnvart ESB óhjákvæmilega að taka mið af þeim áherslum sem þar birtast við gerð forgangslista næsta árs.

4. Rekstur EES-samningsins.

4.1 Upptaka gerða í EES-samninginn frá miðju ári 2022 fram á mitt ár 2023.

Sameiginlega EES-nefndin kom saman átta sinnum frá og með júlí 2022 til og með júní 2023. Tók nefndin samtals 328 ákvarðanir um að taka upp í viðauka og bókanir við EES-samninginn alls 279 gerðir. Af þeim ákvörðunum voru alls sjö ákvarðanir teknar með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu þar sem innleiðing þeirra ESB-gerða sem teknar voru upp í samninginn með þeim kallar á lagabreytingar hér á landi.

Í viðauka við skýrsluna er yfirlit yfir þær gerðir ásamt upplýsingum um stöðu innleiðingar á hverri ákvörðun fyrir sig og gerðum þar að lútandi.

Með upptökuhalla (e. backlog) er átt við EES-tækar ESB-gerðir sem hafa tekið gildi innan ESB en hafa ekki enn verið teknar upp í EES-samninginn. Upptökuhalli er upp að vissu marki eðlilegur fylgifyiskur EES-samningsins því að eftir að gerðir hafa verið samþykktar á vettvangi ESB þarf að undirbúa upptöku gerða og ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar, áður en hægt er að taka þær upp í samninginn. Þá eru ávallt einhverjar vandasamari gerðir sem taka lengri tíma og geta m.a. kallað á viðræður EFTA-rikkjanna innan EES við ESB. Upptökuhalli samningsins hafði aukist nokkuð síðustu ár en að undanfögnu hefur náðst góður árangur í samstarfi við ESB við að lækka upptökuhallann.

Dæmi um gerðir sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn á tímabilinu.

Umtalsverður fjöldi þeirra gerða sem teknar eru upp í EES-samninginn varða samræmdar reglur á sviði matvælaöryggis en þær reglur eru mikilvæg forsenda þess að m.a. íslenskar sjávarafurðir sæti ekki eftirliti á landamærum við útflutning til aðildarríkja ESB. Að sama skapi tryggja uppfærðar reglur á sviði fjármálastarfsemi og vegna aðgerða gegn peningabætti að íslensk fjármálafyrirtæki geti óhindrað stundað starfsemi sína á innri markaði ESB, fyrirtækjum og neytendum til hagsbóta. Reglur um aðgerðir gegn peningabætti eiga að miklu leyti uppruna sinn í alþjóðlegu samstarfi fjármálaaðgerðahóps gegn peningabætti (FATF).

Af einstökum gerðum sem teknar voru upp í samninginn á tímabilinu má m.a. benda á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2018/1139 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins sem uppfærði eldri reglur á þessu sviði. Aðild Íslands að sam-evrópska loftrýminu er ein af undirstöðum flugrekstrar og ferðaþjónstu hér á landi og gerir íslenskum flugfélögum mögulegt að fljúga til hvaða flughafnar innan EES sem er. Samstarfið gerði Íslandi jafnframt kleift að gerst

aðili að loftferðasamningi Bandaríkjanna og ESB sem skiptir miklu máli fyrir tengiflug um Norður-Atlantshaf.

Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2018/1724 er komið á fót sameiginlegri stafrænni upplýsingagátt fyrir þá sem hafa áhuga á að búa, starfa eða stunda viðskipti í öðru EES-ríki. Í gáttinni má meðal annars finna upplýsingar um ýmsa umsóknarferla, stafrænar gáttir EES-ríkjanna á mismunandi sviðum og málsmeðferðarreglur.

Þá má nefna reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1157 um að efla öryggi skilríkja innan EES.

Tengt reglum um reikisímtöl (e. roaming) var einnig tekin inn í samninginn framseld reglugerð 2021/654 um viðbætur við tilskipun 2018/1972 með því að ákvarða eitt hámarksverð fyrir lúkningu símtala í farsíma innan EES og eitt hámarksverð fyrir lúkningu fastlínusímtala en reglurnar stuðla að neytendavernd vegna ferðalaga milli landa.

Þá voru teknar upp í samninginn reglur sem fella stafræna hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, t.d. streymisveitur, undir almennar reglur innri markaðarins um hljóð og myndmiðlun (tilskipun 2018/1808 um breytingu á tilskipun 2010/13/ESB um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu í ljósi breytinga á markaðsaðstæðum).

Einnig má nefna tilskipun er varðar notkun reglna um stofnun fyrirtækja og skráningu útibúa rafrænt (tilskipun 2019/1151 um breytingu á tilskipun 2017/1132 að því er varðar notkun stafrænna tækja og ferla í félagarétti). Tilskipuninni er ætlað að liðka fyrir skráningarferli í þeim ríkjum sem eiga aðild að innri markaðnum.

4.2 Innleiðing EES-gerða og eftirfylgni Eftirlitsstofnunar EFTA.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) birtir frammistöðumat innri markaðarins (e. Internal Market Scoreboard) tvisvar á ári þar sem sýnt er hvernig EFTA-ríkin innan EES hafa staðið sig við innleiðingu tilskipana sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn og í samanburði við innleiðingarstöðu ríkja ESB. Auk þess er birt í frammistöðumatinu hversu margar af reglugerðum ESB sem teknar hafa verið upp í samninginn hafa ekki verið innleiddar í EFTA-ríkjunum innan EES. Yfirlit um frammistöðu Íslands síðustu ár má sjá í eftirfarandi töflu.

Niðurstöður frammistöðumats ESA fyrir Ísland 2018-2023.

Viðmiðunar- dagsetning frammistöðumats	Óinnleiddar tilskipanir (hlutfall af heild)	Óinnleiddar tilskipanir (fjöldi)	Óinnleiddar reglugerðir (fjöldi)
31.05.2018	1,0%	8	25
30.11.2018	0,5%	4	35
31.05.2019	0,7%	6	38
30.11.2019	0,6%	5	47
31.05.2020	1,2%	10	211
30.11.2020	1,2%	10	183
31.05.2021	1,3%	10	187
30.11.2021	1,6%	12	137
31.05.2022	2,0%	15	191
30.11.2022	1,0%	8	143
31.05.2023	1,9%	15	185

Innleiðingarhalli tilskipana á Íslandi var 1,9% hinn 31. maí 2023. Af 15 óinnleiddum tilskipunum varða 5 umhverfismál en aðrar tilskipanir dreifðust á aðra málaflokka. Fjöldi óinnleiddra reglugerða á Íslandi jókst nokkuð frá fyrra frammistöðumati og er innleiðingarhalli reglugerða nú 4,5%. Þessi þróun er ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda um að minnka innleiðingahalla og er mikilvægt að ráðuneytin haldi áfram að huga að tímanlegri innleiðingu gerða. Ekki þykir þó ástæða til að grípa til sérstakra ráðstafana að svo stöddu, enda ávallt viss sveifla á milli tímabila.

Í orðsendingu framkvæmdastjórnar ESB um þrítugan innri markað (e. Single Market at 30) sem birt var í mars 2023 kom fram að ástæða væri til að auka eftirfylgni með framkvæmd þeirra reglna innri markaðarins sem þegar væru til staðar. Þá ítrekaði framkvæmdastjórnin ákall sitt til aðildarríkja ESB um að takmarka innleiðingahalla við 0,5% fyrir tilskipanir og að engar tilskipanir ættu að vera óinnleiddar tveimur árum eftir að ríkjunum bar að innleiða þær. Jafnframt kom fram að framkvæmdastjórnin muni vísa óinnleiddum gerðum til dómstóls ESB tólf mánuðum eftir að formleg áminning hefur verið send aðildarríkjunum. Einnig yrði frammistöðumatið birt í janúar ár hvert. ESA hefur upplýst að það muni haga framkvæmd sinni með sama hætti gagnvart EFTA-ríkjunum innan EES.

Aðalhlutverk ESA er að hafa eftirlit með því að EFTA-ríkin innan EES standi við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum. Telji stofnunin að íslensk stjórnvöld hafi annað hvort vanrækt að innleiða EES-reglur eða ekki innleitt þær rétt getur hún hafið sammingsbrotamál sem miðar að því að fá stjórnvöld til að efna viðkomandi skuldbindingu. Sama á við ef framkvæmd viðkomandi reglna er ófullnægjandi.

Um mitt ár 2023 voru 102 sammingsbrotamál í gangi gagnvart Íslandi. Þar af voru 17 vegna óinnleiddra tilskipana, 70 vegna óinnleiddra reglugerða og 49 vegna ófullnægjandi innleiðingar eða ófullnægjandi framkvæmdar. Þó að heildarfjöldi mála sé nokkuð hár, er hann mun lægri en síðustu ár. Þá er athyglisvert að sé horft til síðustu 10 ára hefur einungis um 1% þeirra sammingsbrotamála sem varða ágreining um innleiðingu eða framkvæmd endað fyrir EFTA-dómstólnum. Flest mál næst því að leysa á fyrri stigum.

Svokallaður pakkafundur ESA fór fram 6.–8. júní 2023 þar sem sérfræðingar stofnunarinnar funduðu með sérfræðingum ráðuneytanna og undirstofnana þeirra um mál sem stofnunin hefur til skoðunar gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Fundurinn var sem fyrr gagnlegur. Í almennum athugasemdum ESA á fundinum kom fram að stofnunin mundi í auknum mæli horfa til þess að framkvæma svokallað samræmismat, þar sem innleiðing tiltekinna reglna eða á tilteknu sviði yrði tekin út hjá EFTA-ríkjunum innan EES. Er þetta í samræmi við sambærilega þróun hjá framkvæmdastjórn ESB gagnvart aðildarríkjum sambandsins.

4.3 EFTA-dómstóllinn og önnur dómsmál.

4.3.1 Dómsmál gegn Íslandi vegna tafa á innleiðingu.

Í júní 2022 hófst málsmeðferð vegna þriggja mála sem ESA höfðaði gegn Íslandi vegna tafa við innleiðingu á 37 gerðum á sviði fjármálaþjónustu (mál E-6, 7 og 8/22), en þær höfðu ekki verið innleiddar fyrir lok settra fresta. Ísland skilaði málsvörn í málinu þar sem dómkröfum ESA var ekki andmælt. Dómarnir voru kveðnir upp 17. nóvember 2022 þar sem brot var staðfest að kröfu ESA, en þó var þess getið að Ísland hefði innleitt gerðirnar áður en Ísland skilaði málsvörn í málinu.

4.3.2 Önnur mál er vörðuðu íslenska aðila.

Árið 2022 tóku íslensk stjórnvöld þátt í tveimur dómsmálum hjá EFTA-dómstólnum þar sem óskað var ráðgefandi álits dómstólsins, E-4/22 Stendi AS & Norlandia Care Norge AS gegn Ósló og E-9/22 Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag tölvunarfræðinga og Lyfjafræðingafélag Íslands gegn íslenska ríkinu. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir þessum málum.

Á árinu 2023 hefur Ísland einnig tekið þátt í málum E-1/23 Elva Dögg Sverrisdóttir og Ólafur Viggó Sigurðsson gegn Íslandsbanka hf. og E-4/23 Neytendastofa gegn Íslandsbanka hf. en málin eru enn þá til meðferðar hjá EFTA-dómstólnum.

Mál E-4/22 Stendi AS & Norlandia Care Norge AS gegn Ósló varðaði beiðni um ráðgefandi álit frá Héraðsdómi Óslóar (Oslo Tingrett) varðandi túlkun 31., 32., 36. og 39. gr. EES-samningsins og tilskipun 2014/24/ESB um opinber innkaup. Ísland skilaði inn skriflegum athugasemdum í málinu en tók ekki þátt í munnlegum málflutningi. Málið varðaði útboðsferli sveitarfélagsins Óslóar vegna kaupa á þjónustu í tengslum við legupláss á hjúkrunarheimili. Þátttaka í útboðsferlinu var takmörkuð við ákveðin félög, sem í Noregi ganga undir heitinu „ideelle organisasjoner“. Stendi AS og Norlandia Care Norge AS, sem eru hagnaðardrífir fyrirtæki, gátu því ekki tekið þátt í útboðinu. Í stuttu máli var niðurstaða EFTA-dómstólsins í málinu sú að heimilt væri að takmarka þátttöku í útboðsferli vegna opinberra samninga um starfrækslu hjúkrunarheimila að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Mál E-9/22 Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag tölvunarfræðinga og Lyfjafræðingafélag Íslands gegn íslenska ríkinu varðaði beiðni Landsréttar um ráðgefandi álit varðandi túlkun á tilskipun ráðsins 98/95/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um hópuppsagnir. Ríkislögmaður var með fyrirvar Íslands í málinu fyrir EFTA-dómstólnum. Málið, sem er til meðferðar hjá Landsrétti, varðar uppsögn Landspítala á samningum starfsmanna stöðeininga um yfirvinnu á föstum forsendum, sem komu til viðbótar ráðningarsamningum starfsmannanna. Í staðinn voru starfsmönnum boðin nýir og tímabundnir samningar um yfirvinnu á föstum forsendum. Aðilar málsins eru ósammála um hvort uppsagnirnar á samningunum um yfirvinnu teljist hópuppsagnir í skilningi laga nr. 63/2000 um hópuppsagnir. Fyrsta spurning Landsréttar laut í meginatriðum að því hvort vinnuveitanda, sem hyggst segja upp samningum hóps starfsmanna um fasta yfirvinnu, sé skylt að hafa samráð við fulltrúa launþega og tilkynna til valdbærs stjórnvalds, í samræmi við tilskipunina. Önnur spurning Landsréttar varðaði hvort skyldur vinnuveitenda féllu niður ef uppsagnirnar leiddu ekki til slita á ráðningarsamningum starfsmannanna. Með þriðju spurningu sinni leitaði Landsréttur svara við því hvort það hefði þýðingu fyrir svörin við fyrstu tveimur spurningunum hvort samningarnir um fasta yfirvinnu væru gerðir til viðbótar við ráðningarsamninga starfsmannanna, með sjálfstæðum löggerningi. EFTA-dómstóllinn tók í fyrsta lagi fram að þar sem vinnuveitandi, einhliða og starfsmanni í óhag, gerði verulegar breytingar á meginþætti ráðningarsamnings hans, af ástæðum sem tengdust ekki þeim launþega sem hlut á að máli, félli það undir skilgreininguna á „uppsögn“. Í öðru lagi taldi EFTA-dómstóllinn að tilkynning um breytingu, sem teldist ekki „uppsögn“, gæti jafngilt „uppsögn“ að því tilskildu að skilyrðum annarrar undirgreinar 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar væri fullnægt. Í þriðja lagi komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að vinnuveitandi skyldi hefja samráðið sem kveðið er á um í 2. gr. tilskipunarinnar þegar stefnumótandi eða viðskiptaleg ákvörðun neyddi hann til að íhuga að beita eða búa sig undir hópuppsagnir. Ef ákvörðunin sem feldi í sér breytingu á ráðningarskilmálum gæti orðið til þess að forðast mætti hópuppsagnir skyldi hefja

samráðið þegar vinnuveitandi hygðist gera slíkar breytingar. Í fjórða lagi tók EFTA-dómstóllinn fram að vinnuveitanda væri skylt að tilkynna valdbæru stjórnvaldi um allar fyrirhugaðar hópuppsagnir, þar á meðal bæði væntanlegar uppsagnir í skilningi fyrstu undirgreinar a-liðar 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar og uppsagnir ráðningarsamninga sem jafngiltu uppsögnum í skilningi annarrar undirgreinar 1. mgr. 1. gr tilskipunarinnar. EFTA-dómstóllinn tók fram að skyldur vinnuveitandans til að hefja samráð og tilkynna valdbæru stjórnvaldi gætu ekki ráðist af atburðum sem eiga sér stað í kjölfarið, eins og hvort ráðningarsamningum væri í raun slitið. Að lokum komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að líta yrði á ráðningarskilmála starfsmanns sem eina heild. Þar af leiðandi skipti ekki máli hvort kveðið væri á um ráðningarskilmála starfsmanns í einum samningi eða hvort þeir skiptust á nokkra samninga. Landsréttur hefur ekki kveðið upp dóm í málinu.

4.3.3 Önnur dómsmál tengd EES-samstarfinu.

Dómur Hæstaréttar Noregs í svokölluðu ACER-máli féll 31. október 2023. Málið varðaði kröfu Nei til EU um viðurkenningu á því að rangt hefði verið staðið að innleiðingu þriðja orkupakkans í Noregi. Snerist málið um hvort Stórþinginu hefði verið heimilt að taka ákvörðun um framsal valdheimilda hins opinbera til ESA með einföldum meirihluta, skv. 26. gr. norsku stjórnarskrárinnar um gerð samninga við önnur ríki (á grundvelli þess að heimilt væri að fela erlendri stofnun valdheimildir ef það telst óverulegt – á norsku lite inngripende). Eða hvort til þyrfti að koma samþykki með atkvæðum 2/3 þingmanna samkvæmt 115. gr. norsku stjórnarskrárinnar sem fjallar um viðtækara framsal. Þurfti dómstóllinn þess vegna að meta eðli umræddra valdheimilda sem framseldar voru ESA, í stað Samstarfsstofnunar eftirlitsaðila á orkumarkaði (e. Agency for the Cooperation of Energy Regulators, ACER) innan ESB.

Í dómnum kom fram að Hæstiréttur Noregs teldi að hvorki ACER né ESA hefði heimildir til að taka ákvarðanir um hvort leggja ætti nýja sæstrengi milli ríkja eða banna útflutning á orku. Hvorki ACER né ESA gætu heldur ákveðið orkuverð. Kom fram að málsaðilar væru sammála um þessa tvo þætti. Hvað varðaði rök Nei til EU að ákvarðanir ACER eða ESA gætu haft óbein áhrif á orkuverð væru það minniháttar áhrif að teknu tilliti til þess að sæstrengirnir væru þegar til staðar og Noregur þegar hluti af orkumarkaði Evrópu. Verðmyndun raforku væri mun flóknari og réðist m.a. af flutningsgetu, veðri og verði á annarri orku. Var niðurstaðan sú að enda þótt Stórþingið hefði árið 2018 falið erlendri stofnun valdheimildir á mikilvægu sviði – orkusviðinu – hefði alþjóðastofnunum ekki verið falið ákvörðunarvald sem hefði mikla samfélagslega þýðingu í Noregi. Þess vegna hefði framsalið verið óverulegt og Stórþinginu því heimilt að taka ákvörðunina með einföldum meirihluta.

Í afstöðu Hæstaréttar Noregs kom fram að við mat á óverulegu framsali valdheimilda yrði einungis horft til framsals heimilda í hverju tilviki fyrir sig – þ.e. í tilviki hverrar ákvörðunar Stórþingsins þar um, en að ekki verði lagt mat á það framsal sem átt hefði sér stað áður á viðkomandi sviði eða vegna EES-samningsins heilstætt. Kom þá einnig fram að í vafatilvikum um hvort um óverulegt framsal væri að ræða skipti afstaða Stórþingsins verulegu máli fyrir mat dómstóla.

5. Uppbyggingarsjóður EES.

5.1 Núverandi sjóðstímabil.

Allt frá gildistöku EES-samningsins hafa EFTA-ríkin innan EES skuldbundið sig til að inna af hendi ákveðin framlög til að draga úr efnahagslegu og félagslegu ójafnvægi innan EES með það fyrir augum að auka samkeppnishæfni og efla viðskipta- og efnahagstengsl samningsaðila. Í þessum tilgangi var Uppbyggingarsjóði EES, sem starfræktur er af EFTA-ríkjunum innan EES, komið á laggirnar. Annað meginmarkmið sjóðsins er að efla tvíhliða tengsl ríkjanna þriggja við viðtökuríkin. Samið hefur verið um þessi framlög til nokkurra ára í senn en nú er unni á grunni samkomulags fyrir tímabilið 2014–2021. Þrátt fyrir að komið sé fram yfir þann tíma er sjóðstímabilinu ekki lokið, þar sem veittur hefur verið þriggja ára viðbótartími, til 30. apríl 2024, til að ljúka verkefnum tímabilsins. Upphaflega var samið um að sameiginleg framlög ríkjanna þriggja til sjóðsins á tímabilinu skyldu nema rúmum 1,5 milljörðum evra. Hins vegar er ljóst að viðtökuríkin ná ekki að fullnýta þau framlög og er gert ráð fyrir að þau muni einungis nema um 1,2 milljörðum evra, og að hlutur Íslands af þeirri fjárhæð verði um 52 milljónir evra.

Styrkveitingar Uppbyggingarsjóðs EES á þessu sjóðstímabili hafa verið til verkefna á eftirfarandi áherslusviðum:

- Nýsköpun, rannsóknir, menntun og samkeppnishæfni.
- Samfélagsleg þátttaka, atvinnuþátttaka ungmenna og bætтар aðstæður fátækra.
- Umhverfis- og orkumál, samdráttur skaðlegra lofttegunda og minnkun loftslagsbreytinga.
- Menning og listir, frjáls félagasamtök, bættir stjórnunarhættir og grundvallarréttindi.
- Innanríkis- og dómsmál.

Um 10% af fjárhæð sjóðsins, eða um 150 milljónir evra, hafa verið nýtt til að styðja við frjáls og óháð félagasamtök í viðtökuríkjunum.

Uppbyggingarsjóðurinn skapar tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki, stofnanir, frjáls félagasamtök og einstaklinga til að taka þátt í verkefnum með samstarfsaðilum í viðtökuríkjunum. Íslensk stjórnvöld hafa í því sambandi lagt áherslu á verkefni á sviði rannsókna, nýsköpunar, menntunar og menningar, orku- og umhverfismála, samfélagslegra umbóta og jafnréttismála. Rannís, Orkustofnun og Mannréttindaskrifstofa Íslands hafa um árabil haft hlutverki að gegna sem sérstakir samstarfsaðilar af hálfu íslenskra stjórnvalda gagnvart þeim viðtökuríkjum sem leitað hafa eftir samstarfi við Ísland um rekstur samstarfsáætlana á vegum sjóðsins. Við lok tímabilsins 2014-2021 höfðu um 440 verkefni með íslenski þátttöku hlotið styrk, en styrkir til þeirra verkefna námu um 1,2 milljörðum króna.

5.2 Samkomulag um nýtt sjóðstímabil.

Viðræður um nýtt sjóðstímabil Uppbyggingarsjóðs EES fyrir árin 2021-2027 þokuðust hægt af stað en samkomulag náðist í lok nóvember 2023. Samningaviðræðurnar snerust um fjárframlög EFTA-ríkjanna innan EES til sjóðsins, hvaða ríki fullnægi skilyrðum til að njóta styrkja frá honum (öll aðildarríki þar sem meðaltekjur eru innan við 90% af landsframleiðslu ESB) og á hvaða sviðum hann muni starfa. Samhliða fóru fram viðræður um aukinn markaðsaðgang fyrir fisk og aðrar sjávarafurðir.

Nýtt samkomulag felur í sér tollkvótakerfi sem stóreykur möguleika íslenskra útflytjenda til að flytja sjávarafurðir tollfrjálst til ESB. Alls var samið um 15 þúsund tonna árlega

tollfrjálsa innflutningskvóta og breiða samsetningu afurða í tollkvótum. Um er að ræða átta mismunandi tollkvóta fyrir samtals 52 afurðir, margfalt fleiri en áður hefur verið samið um. Hinir nýju tollkvótar skapa umtalsvert betri möguleika til þess að tollkvótar nýtist útflytjendum íslenskra sjávarafurða til fulls.

Eins og á fyrri sjóðstímabilum var samið um að ónýttir tollkvótar fyrir þau tvö ár sem þegar eru liðin af núverandi sjóðstímabili deilist á þau ár sem eftir eru af tímabilinu. Einnig náðist fram það nýmæli að magn sem ekki nýtist á samningstímabilinu verði nú hægt að nýta í tvö ár eftir að samningstímanum lýkur.

Jafnframt náðist samkomulag um að ráðist verði í heildstæða endurskoðun á viðskiptakjörum Íslands og ESB, en stefnt er að því að þeim viðræðum verði lokið á samningstímabilinu. Með því móti hefur verið skapaður vettvangur til viðræðna við ESB um greiðari aðgang Íslands að innri markaði ESB, ekki síst fyrir sjávarafurðir.

Heildarframlag EFTA-ríkjanna innan EES til Uppbyggingarsjóðs EES verður rúmum 1,8 milljarðar evra á tímabilinu. Þar af verður um 5,5% fjárhæðarinnar eða um 100 milljónum evra ráðstafað til verkefna í viðtökuríkjum sjóðsins sem tengjast afleiðingum innrásarinnar í Úkraínu. Miðað við núverandi hlutfall Íslands í greiðslum EFTA-ríkjanna innan EES til sjóðsins (4,5%) og núverandi gengi evrunnar má ætla að árleg framlög Íslands á sjóðstímabilinu geti að jafnaði numið um 1,7 milljörðum króna, miðað við fulla nýtingu viðtökuríkja sjóðsins á framlögum tímabilsins, þar af tæplega 100 milljónum króna, á ári til verkefna sem tengjast Úkraínu. Hins vegar má telja líklegt að framlögin verði ekki fullnýtt og mun þá framlag Íslands verða lægra sem því nemur.

6. Hagsmunagæsla Íslands í EES-samstarfinu.

6.1. Almenn um hagsmunagæslu.

Greining stefnumótunar með undirbúningi löggjafartillagna af hálfu framkvæmdastjórnar ESB og við meðferð þeirra í Evrópuþinginu og í ráðherraráði ESB er án efa á meðal mest krefjandi viðfangsefna íslenskra stjórnvalda er kemur að rekstri EES-samningsins. Enda þótt langflestar gerðir ESB falli með jöfnum hætti að hagsmunum Íslands og aðildarríkja ESB þá koma af og til upp tilvik þar sem gæta þarf að hagsmunum Íslands vegna sérstakra hagsmuna eða aðstæðna er varða Ísland umfram það sem almennt gildir. Unnið er eftir forgangslista stjórnvalda um hagsmunagæslu í EES-samstarfinu, en stefnt er á að ljúka uppfærslu gildandi lista fyrir árslok vegna ársins 2024. Nýr listi ásamt eldri listum eru aðgengilegir á vefsvæðinu ees.is. Stefnt er á að móta nýjan forgangslista þegar ný framkvæmdastjórn ESB hefur birt stefnumál sín eftir Evrópuþingskosningarnar á næsta ári.

Við hagsmunagæslu getur skipt sköpum að koma auga á þá hagsmuni sem um ræðir snemma í stefnumótunar- og löggjafarferlinu innan ESB enda eykur það líkur á því að unnt sé að koma sjónarmiðum á framfæri og mögulega að hafa áhrif á stefnumörkun eða efni löggjafar eða eftir atvikum að leggja grunninn að efnislegum aðlögunartexta fyrir Íslands við upptöku viðkomandi gerðar í EES-samninginn. Hér á eftir er fjallað um nokkur mál þar sem reynt hefur á slíka hagsmunagæslu á umliðnum misserum.

6.2 Breytingar á viðskiptakerfi með losunarheimildir – flugmálið og siglingar.

Í október 2021 kom fram á vegum samgöngu- og umhverfisnefndar Evrópuþingsins skýrsla um áskoranir og möguleg áhrif af tillögum framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á viðskiptakerfi með losunarheimildir, ETS kerfinu, er varðar flug og siglingar. Tillögurnar höfðu þá nýlega verið lagðar fram. Fram kom í skýrslunni að breytingar á kerfinu myndu leiða

til verðhækkana á losunarheimildum á sama tíma og endurgjaldslausar heimildir flugfélaga yrðu afnumdar en hvort tveggja leiðir til umtalsverðra kostnaðarhækkana fyrir flugrekendur á leiðum innan EES. Kostnaðarhækkarnir flugs innan EES leiða til lakari samkeppnisstöðu evrópskra flugfélaga sem nota tengiflugvelli innan EES við að flytja farþega til þriðju ríkja samanborið við flugfélög sem nota tengiflugvelli utan EES. Þetta leiðir til færri starfa innan EES og stuðlar að kolefnisleka. Af lestri skýrslunnar blasti við að samkeppnisstaða Keflavíkurflugvallar sem tengiflugvallar fyrir flug yfir N-Atlantshafið myndi að óbreyttu versna verulega. Flug frá Evrópu til Íslands er innan gildissviðs ETS-kerfisins og er flugfélögum skylt að kaupa losunarheimildir til að jafna losun á flugleiðinni. Beint flug milli Evrópu og N-Ameríku var samkvæmt tillögnum undanskilið ETS-kerfinu. Að meðaltali eru um 2.200 km til þeirra flugvalla sem flogið er á frá Íslandi í áætlunarflugi og eru á gildissviði ETS-kerfisins. Til samanburðar verða flugfélög, t.d. bandarísk flugfélög, sem nota skiptiflugvelli utan EES fyrir óverulegum kostnaði eða sleppa við hann vegna kaupa á losunarheimildum.

Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir var innviðaráðherra upplýstur um stöðu mála með minnisblaði. Jafnframt var haft samráð við hagsmunaaðila og ákveðið að ráðast í vinnu við að meta sérstaklega áhrif á tengiflug um Ísland á vegum alþjóðlegu ráðgjafarstofunnar Ricardo, fyrir milligöngu Isavia. Lagt var mat á samanlagðan kostnað af öllum tillögnum hins svokallaða Fær í 55-löggjafarpakka sem snúa að flugi, en þær voru um breytingar á ETS fyrir flug, tillögu að *Refueled Aviation*-íblöndunarkröfum og svo um breytingu á orkusköttum. Kostnaðurinn var skoðaður á 5 ára tímamarkum í samræmi við stigvaxandi kröfur, þ.e. árið 2025, 2030, 2035, 2040 og 2050. Metinn var kostnaður fyrir hvern farþega sem keypti miða fram og til baka frá Milanó til New York án millilendingar samanborið við ef millilent yrði í Keflavík eða París. Greiningin sýndi að kostnaður flugrekenda fyrir hvert selt sæti yrði mjög mismunandi eftir því hvaða leið var farin og áberandi mestur fyrir flugmiða ef farþeginn færi um Keflavík sem skiptiflugvöll. Í kjölfarið var sérfræðingur á sviði flugrekstrar fenginn til að fara yfir þessa útreikninga og skoða fleiri hliðar málsins. Niðurstöður hans voru að fyrirliggjandi tölur voru innan skekkjumarka. Auk þess sem kostnaður við losunarheimildir vegna flugs um Ísland yrði meiri sýndi dæmi sem var notað að losun kolefnis fyrir hvert sæti gat orðið 50% hærri með því að fara um aðra skiptiflugvelli t.d. í N-Ameríku. Áhrifamatið sýndi að breytingar á ETS-kerfinu samanborið við nýjar reglur um íblöndunarskyldu voru margfalt kostnaðarsamari til skamms tíma litið. Síðar, eftir að breyting var samþykkt á tillögunum um að nýta tekjur af ETS-heimildum til þess að greiða niður mismun á hefðbundnu þotuelsneyti og íblöndunarefni að stórum hluta, varð ljóst að kostnaðaráhrif íblöndunargerðarinnar yrðu enn minni. Þar af leiðandi var ákveðið að setja í forgang að hafa áhrif á ETS-gerðina og setja alla krafta í það.

Í ljósi hinna miklu hagsmuna, varðandi skiptiflugvöllinn í Keflavík, kom Ísland álitinu sínu og tillögnum á framfæri við öll aðildarríki ESB, framkvæmdastjórn ESB og lykilaðila í Evrópuþinginu. Því var fylgt eftir með fundum sendiherra með fastafulltrúum aðildarríkjanna og þeim framkvæmdastjórum sem málið varðaði. Einnig sótti sendiherra Íslands í Brussel fundi með þeim þingmönnum sem voru framsögumenn viðkomandi fastanefnda Evrópuþingsins. Forsætisráðherra, utanríkisráðherra, innviðaráðherra, menningar- og viðskiptaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra tóku málið einnig upp á fundum með kollegum sínum í aðildarríkjunum, innan framkvæmdastjórnarinnar og víðar. Sömuleiðis tóku sendiherrar málið upp í höfuðborgum aðildarríkja ESB og embættismenn utanríkisráðuneytisins og forsætisráðuneytisins tóku málið upp við samstarfsfólk sitt hjá ESB. Forsætisráðherra skrifaði bréf til leiðtoga aðildarríkja ESB þar sem afstaða Íslands var kynnt og lagt til að breytingar yrðu gerðar á tillögnum framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á

viðskiptakerfi með losunarheimildum fyrir flug. Innviðaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sendu auk þess bréf til hlutaðeigandi ráðherra í aðildarríkjum ESB ásamt afriti af bréfi forsætisráðherra. Þá sendu utanríkisráðherra, innviðaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sameiginlegt bréf með tillögum til fastafulltrúa Tékklands, þáverandi formennskuríkis í ráði ESB, og framsögumanns þingsins, ásamt afriti til fastafulltrúa aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnar ESB þegar þrihliða viðræður stóðu yfir um endanlega ETS-gerð. Nokkur árangur náðist í þessari herferð og sáust þess merki bæði í endanlegum texta gerðanna sem og í afgreiðslu ráðsins um tillögu að breytingum á tilskipun ETS er varðar flug og einnig í tillögu að nýrri gerð um íblöndun flugvélaeldsneytis. Í afstöðu ráðsins að tillögu um „RefuelEU Aviation“, íblöndunargerðina var lögð til ný efnisgrein um að framkvæmdastjórnin skyldi skila skýrslu fyrir 1. janúar 2027 þar sem metin yrðu áhrif gerðarinnar á flugtengingar við eyjar og fjarlæg svæði sambandsins, á samkeppnishæfni evrópskra flugfélaga og kolefnisleka. Einnig að framkvæmdastjórnin skyldi skoða mögulega aðferðafræði (e. mechanism) sem kæmi í veg fyrir neikvæð áhrif gerðarinnar í þessa veru. Í afstöðu ráðsins til ETS-tillögunnar var sett inn endurskoðunarákvæði um að framkvæmdastjórnin skyldi skila skýrslu fyrir 2028 um áhrif gerðarinnar á flugtengingar (e. connectivity) við eyjar og fjarlæg svæði, á samkeppnisstöðu og hættu á kolefnisleka.

Í endanlegri afgreiðslu á breytingu á ETS-gerðinni fyrir flug var svo sett inn ákvæði um að framkvæmdastjórnin skilaði skýrslu fyrir 1. júlí 2026 sem m.a. skyldi fjalla um samfélagsleg áhrif kerfisins á atvinnugreinina, þ.m.t. á störf og ferðakostnað. Einnig skyldi leggja mat á flugtengingar við eyjar og fjarlæg svæði sambandsins, samkeppnishæfni, kolefnisleka og áhrif á umhverfi og loftslag. Niðurstaðan yrði nýtt til breytinga á tilskipuninni.

Það var hins vegar mat íslenskra stjórnvalda að þessar jákvæðu breytingar á tillögu framkvæmdastjórnarinnar, tryggðu ekki nægjanlega hagsmuni Íslands. Um leið og niðurstaða lá fyrir var þeim sjónarmiðum komið skýrt á framfæri við framkvæmdastjórnina á fundum embættismanna frá Íslandi og á fundum fulltrúa sendiráðsins í Brussel með fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar. Í kjölfarið hófust stífar viðræður á milli Íslands og framkvæmdastjórnar ESB sem leiddu til þeirrar niðurstöðu um sérlausn vegna upptöku viðkomandi reglna í EES-samninginn sem lá fyrir á fundi forsætisráðherra og forseta framkvæmdastjórnar ESB í maí sl. Í pakkanum er fallist á sérstöðu Íslands sem tryggir þessa hagsmuni, þrennt felst í því:

- Ísland getur framlengt núverandi kerfi endurgjaldslausra losunarheimilda út árið 2026 þar til flug út af EES verður fellt undir ETS-kerfið 1. janúar 2027, en það mun jafna samkeppnisstöðu Íslands í flugi yfir Norður-Atlantshaf.
- Innbyggt endurskoðunarákvæði árið 2026 sem varðar veginn í viðræðum um næstu breytingar á kerfinu (t.d. ef svo færi að undanþága frá ETS-kerfinu fyrir flug út af EES yrði framlengd).
- Ísland fær sömu sérlausn og Malta og Kýpur fengu varðandi 100% endurgreiðslu á verðmuninum á öllu vistvænu flugvélaeldsneyti og venjulegu eldsneyti.

Framganga og árangur í flugmálinu er dæmi um vel heppnaða hagsmunagæslu þar sem mikill árangur náðist í að verja íslenska hagsmuni innan EES-samstarfsins. Ekki er vitað til þess að áður hafi tekist að semja um útlínur aðlögunar við EES-gerð áður en hún er formlega samþykkt innan ESB. Vegna aðgerða Íslands á fyrri stigum voru aðildarríki ESB vel meðvituð um stöðu Íslands og þörf á sérlausn.

Breytingarnar sem gerðar eru á viðskiptakerfinu með losunarheimildir fela í sér m.a. að felldar eru undir viðskiptakerfið siglingar stærri kaupskipa og skemmtiferðaskipa. Útvíkkun

gildissviðs ETS-kerfisins er liður í því að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda, skapa frekari hvata til orkuskipta og og flýta þeim. Stjórnvöld hafa markvisst unnið að því að meta áhrif þessara breytinga á mismunandi stigum málsins. Þar vegast á loftslagsmarkmið Íslands og önnur áhrif sem af breytingunum hljóta.

Reglur ETS-kerfisins hafa gilt fyrir rekstraraðila í staðbundnum iðnaði á Íslandi og flugrekendur frá árinu 2012. Flugfélög hafa um árabil þurft að greiða fyrir hluta losunar sinnar en færast nú í áföngum að fullu undir kerfið. Sama á við um losun frá iðnaði og fleiri greinum. Um nokkurt skeið hefur legið fyrir að siglingar stærri skipa og skemmtiferðaskipa myndu færast undir ETS-kerfið, en kerfið mun fyrst um sinn eingöngu eiga við um skip sem eru 5000 bt og stærri. Þess má að endingu geta að skipafyrirtæki hafa hingað til ekki þurft að greiða fyrir losun sína sem þó er umtalsverð.

Jafnframt hefur kerfið gert ráð fyrir ákveðinni aðlögun fyrir skipafyrirtæki þar sem skylda þeirra til að gera upp losun verður innleidd í áföngum. Skila þarf losunarheimildum vegna 40% af losun ársins 2024, 70% af losun ársins 2025 og 100% losunar frá árinu 2026. Skipafyrirtæki og flugrekstraraðilar á Evrópska efnahagssvæðinu munu því standa jöfnum fæti vegna losunar árið 2027.

Almennt telja stjórnvöld að niðurstaðan sé ásættanleg þegar þessir mismunandi þættir eru vegnir saman. Að því sögðu er hins vegar mikilvægt að meta áfram áhrifin og reynsluna af innleiðingu kerfisins eftir því sem henni vindur fram. Ríkisstjórnin hefur jafnframt samþykkt að það verði skoðað hvort þörf sé á sérstökum ráðstöfunum innanlands vegna hugsanlegra áhrifa á strandflutninga. Þá mun ráðherranefnd um loftslagsmál skoða hvernig ávinningi af sölu uppboðsheimilda í ETS-kerfinu sem rennur í ríkissjóð, verði varið í þágu þess að hraða orkuskiptum í sjóflutningum í samstarfi við atvinnulífið.

Viðkomandi gerðir voru teknar upp í EES-samninginn 8. desember 2023 með stjórnskipulegum fyrirvara.

Hagsmunagæslu í málinu hefur verið sinnt í samstarfi umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins, innviðaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, forsætisráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins. Utanríkisráðuneytið fór fyrir starfshópi vegna viðræðna við framkvæmdastjórn ESB um aðlögun vegna flugmálsins.

6.3 Fráveitumálin.

Þann 26. október 2022 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögur um strangari ákvæði um fráveitur sem hluta af vinnu að endurskoðaðri tilskipun um hreinsun á skólpi frá þéttbýli. Markmið tilskipunarinnar er víðtækara en áður. Auk hreinsunar á skólpi til að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi þá er markmið tilskipunarinnar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá hreinsistöðvum, en tilskipunin setur fram ákvæði um að hreinsistöðvar þurfi að vera sjálfbærar um orku þ.e. framleiða eigin orku. Þá er markmiðið að auka aðgengi að hreinlætisaðstöðu, auk þess að stuðla að auknu gagnsæi og reglulegri vöktun á mælipáttum sem snúa að lýðheilsu. Grunnur tilskipunarinnar er sá sami og áður, en brugðist er við ýmsum nýjum áskorunum sem núverandi tilskipun hefur ekki náð til, svo sem losun á öðrum mengandi efnum en lífrænu efni og næringarefnum (örplasti, forgangsefnum og lyfjaleifum), hreinsun á ofanvatni og hreinsun frá minni þéttbýlum en sem nemur 2.000 persónueiningum, en það er magn lífrænna efna, næringarsalta og annarra efna sem samsvarar því sem einn einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring.

Tilskipunin hefur mikil áhrif á sveitarfélög sem bera ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna og mikilvægt að fylgjast vel með og koma áherslum Íslands á framfæri. Íslensk stjórnvöld hafa fylgst náið með umfjöllun um tillöguna frá því að hún var lögð fram.

Afstaða Íslands felst í því að áhættumiðaðri nálgun verði beitt við ákvörðun hreinsunar fyrir minni þéttbýli sem losa í opin hafsvæði. Að svæði þar sem einungis er grófhreinsun fái frest til a.m.k. 2030 til að laga sig að nýjum kröfum og jafnframt að ákvæði um orkuframleiðslu fráveitu verði sveigjanlegri og að tekið verði fullt tillit til aðstæðna í einstökum ríkjum, eins og t.d. þar sem er umfangsmikil framleiðsla á grænni orku eins og í tilfelli Íslands.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kom ábendingum við tillöguna á framfæri í opnu samráðsferli ESB þann 14. mars 2022. Sama gerðu Samband íslenskra sveitarfélaga og Samorka í sameiginlegri umsögn sinni um málið. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið sendi minnisblað til utanríkismálanefndar Alþingis í mars 2022 þar sem upplýst var um afstöðu Íslands og stöðu mála. Málið var kynnt lítillaga fyrir ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á fundi í Brussel 2. nóvember 2022 og í desember var málið kynnt fyrir íslenskum fulltrúum í sveitarstjórnarvettvangi EFTA-ríkjanna innan EES. Þá hefur afstöðu Íslands verið komið á framfæri við fulltrúa annarra ríkja í Brussel og stofnana Evrópusambandsins. Náin samvinna er við Noreg varðandi málið. Búast má við að gerðin verði formlega samþykkt og birt innan ESB fyrri hluta árs 2024. Þá hefst skoðun EFTA-ríkjanna innan EES vegna upptöku gerðarinnar í EES-samninginn. Gera má ráð fyrir að sú vinna taki a.m.k. 6-12 mánuði. Byggt á þeirri greiningu mun skýrast hvaða aðlögunum óska þarf eftir vegna sérstakra aðstæðna á Íslandi og í Noregi við upptöku gerðarinnar í EES-samninginn. Eftir atvikum getur þurft að semja við ESB um aðlaganir og afla samþykkis aðildarríkjanna fyrir þeim. Með fyrirvara um framgang málsins er því ólíklegt að gerðin verði tekin upp í samninginn fyrr en í fyrsta lagi seinni part árs 2025.

Umrædd lögjöf er á málefnasviði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins sem hefur borið meginþunga af hagsmunagæslunni með stuðningi utanríkisráðuneytisins.

6.4 Orkunýtni.

Heildarendurskoðun orkulöggjafar ESB – hreinorkugerðir - felur í sér löggjafarpakka um endurskoðun á helstu þáttum í orkulöggjöf ESB, m.a. um orkunýtni almennt og orkunýtni bygginga, en auk þess um endurnýjanlega orku, eftirlits- og stjórnunarkerfi og um raforkumarkaðsmál. Hreinorkupakkanum er ætlað að stuðla betur að orkuskiptum og uppfylla skyldur Parísarsáttmálans um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Sem fyrr er það einnig leiðarljós regluverksins að bæta hag neytenda með aukinni samkeppni og gagnsæi á orkumarkaði ásamt því að efla hagkerfið. Tilskipun um orkunýtni, EED-tilskipun (ESB) 2012/27, hefur verið uppfærð með breytingum frá 2018/2002 og endurskoðuð í október 2023. Ísland hefur óskað eftir aðlögun frá veigamiklum greinum tilskipunarinnar á grundvelli þess að tilskipunin eigi ekki við orkukerfi Íslands sem nýtir orku af endurnýjanlegum uppruna í raf- og hitaveitum. Meginmarkmið EED tilskipunar er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og innflutningi á orku/eldsneyti. Í röksemdum Íslands var, fyrir utan sérstöðu orkukerfisins, rakið að vegna smæðar raforkufyrirtækja og lágs raforkukostnaðar þá væru aðgerðir ekki kostnaðarhagkvæmar, hvorki fyrir neytendur né fyrirtæki. Í samningaviðræðum við ESB hefur sérstaða orkukerfisins verið dregin fram. Framkvæmdastjórn ESB hefur óskað eftir að íslensk stjórnvöld framkvæmi áhrifamat, sem leggja mætti til grundvallar sérstakri undanþágu, byggt á áþreifanlegum útreikningum og rökstuðningi ásamt vísindalegri greiningu og undirliggjandi gögnum. Áhrifamatið þarf jafnframt að sýna fram á áhrif ákvæða tilskipunarinnar um orkunýtni á heildarefnahagsþróun Íslands, sem og kolefnislosun og viðleitni til að draga úr loftslagsbreytingum. Jafnframt hvernig hátt hlutfall hagkvæmrar endurnýjanlegrar orku hefur áhrif á hagkvæmni og hvaða

áhrif tilskipunin gæti haft á orkuöryggissjónarmið á Íslandi. Tilskipun 2018/844/EU um breytingu á tilskipun 2010/31/EU um orkunotkun bygginga (EPBD) er hluti af hreinorkupakka ESB. Ísland er með undanþágu frá tilskipuninni frá 2010. Undanþágan er skilyrt að því leyti að Ísland þarf að taka til greina nýmæli í nýrri tilskipun 2018/844/EU, t.a.m. er lúta að snjallvæðingu bygginga og hleðslumöguleika fyrir rafbíla. Hreinorkugerðirnar hafa verið til skoðunar á vettvangi EFTA-ríkjanna innan EES í vinnuhópi EFTA um orkumál.

Löggjöf um orkunýtni er á forræði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, með aðkomu innviðaráðuneytisins vegna mannvirkjamála.

6.5 Kolefnisjöfnunargjald við landamæri.

Í maí 2023 tók gildi innan ESB reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/956 um að koma á fót aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis (*e. Carbon Border Adjustment Mechanism, CBAM*). Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir kolefnisleka, þ.e. að framleiðsla færast af innri markaðnum til annarra landa þar sem kostnaður vegna losunar kolefnis eru lægri. Er þetta ekki síst mikilvægt nú þegar stefnt er að því að fella niður endurgjaldslausar losunarheimildir í staðbundnum iðnaði í skrefum á tímabilinu 2025-2034. Gerðin stuðlar að jafnari samkeppnisskilyrðum með því að leggja á kolefnisgjald við innflutning á ákveðnum vörum til ESB. Þær vorur sem munu falla undir kerfið í upphafi verða ál, járn og stál, áburður, sement, rafmagn og vetni. Fyrst um sinn felur gerðin eingöngu í sér kröfur um gagnasöfnun. Þannig munu fyrirtæki þurfa að skila upplýsingum um kolefnisfótspor vegna framleiðslu vara sem fluttar eru inn til ESB frá 1. október 2023. Alagning kolefnisgjalds hefst í skrefum 1. janúar 2026 og verður að fullu innleidd árið 2034. Gerðin er til skoðunar til upptöku í EES-samninginn þar sem hún er nátengd ETS-kerfinu en fordæmi eru fyrir því að umhverfisgjöld á grundvelli EES-löggjafar hafi verið innleidd hér á landi. Íslenskir álframleiðendur hafa hagsmuni af upptöku CBAM þar sem hún felur í sér kolefnisgjald á ál frá ríkjum utan EES þar sem kolefniskostnaður við framleiðslu er lægri en á EES-svæðinu. Nær öll aðföng sem flutt eru inn til Íslands og falla munu undir kerfið koma í dag frá ríkjum EES.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, fjármálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið hafa komið að hagsmunagæslu vegna málsins.

6.6 Stafrænir markaðir og stafræn þjónusta.

6.6.1 Stafrænir markaðir.

Reglugerð um stafræna markaði (*e. Digital Markets Act*) var samþykkt af hálfu ESB haustið 2022. Gerðin varðar starfsemi stórra og umfangsmikilla aðila (*e. gatekeepers*) sem reka stafræna vettvanga, svo sem hýsingaraðila, vefþjónustur, sölusíður, verslanir með smáforrit, bókunarsíður o.s.frv., og bjóða þjónustu við önnur fyrirtæki á innri markaðnum sem felst í milligöngu á milli seljenda og kaupenda vöru og þjónustu. Helsta markmið gerðarinnar er að tryggja aukna samkeppni á stafrænum mörkuðum með því að koma í veg fyrir að stórfyrirtæki misnoti markaðsstyrk sinn gagnvart notendum og minni fyrirtækjum og að auðvelda nýjum aðilum að koma inn á markaðinn. Gerðinni er ætlað að tryggja gagnsæja og sanngjarna viðskiptahætti gagnvart bæði fyrirtækjum og neytendum. EFTA-ríkin innan EES vinna nú að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn, en helstu álitamál snúa að því að útfæra viðeigandi tveggja stöða lausn vegna eftirlits og framkvæmdar. Gerðin er á málefnasviði menningar- og viðskiptaráðuneytisins en utanríkisráðuneytið hefur komið að hagsmunagæslu varðandi útfærslu tveggja stöða lausnar.

6.6.2 Stafræn þjónusta.

Reglugerð um innri markað fyrir stafræna þjónustu var einnig samþykkt haustið 2022 (e. Digital Services Act). Gerðin fjallar fyrst og fremst um milliliði (e. intermediaries) og stafræna vettvanga (e. digital platforms). Meginmarkmið gerðarinnar er að vernda neytendur og grundvallarréttindi þeirra á netinu, auka gagnsæi og skýra ábyrgð aðila sem veita þjónustu á netinu yfir landamæri og stuðla að samkeppni, nýsköpun og vexti. Markmiðið með hagsmunagæslu Íslands er að tryggja að þessar reglur taki gildi á sama tíma fyrir Ísland og annars staðar á innri markaði EES, svo að ekki komi til skerðingar á þjónustu gagnvart íslenskum notendum sökum lagalegrar óvissu. Jafnframt er takmarkið að milliliðir og stafrænir vettvangar séu bundnir af sömu grunnreglum gagnvart íslenskum fyrirtækjum og neytendum sem hluta af stærra markaðssvæði. Tryggja ber tjáningarfrelsi og grundvallarréttindi neytenda og enn fremur að Ísland verði ekki nýtt sem skálkaskjól fyrir ólöglegt efni eða ólöglega starfsemi vegna slakari reglna um gagnsæi milliliða sem veita rafræna þjónustu. EFTA-ríkin innan EES vinna nú að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn, en helstu álitamál snúa að því að útfæra viðeigandi tveggja stöða lausn vegna eftirlits og framkvæmdar. Gerðin er á málefnasviði menningar- og viðskiptaráðuneytisins en utanríkisráðuneytið hefur komið að hagsmunagæslu varðandi útfærslu tveggja stöða lausnar.

6.6.3 Lyfjamál.

Lyfjastofnun á Íslandi er hlekkur í keðju lyfjastofnana á Evrópska efnahagssvæðinu. Umfangsmikið samstarf er milli þessara stofnana og Lyfjastofnunar Evrópu (EMA). Samstarfið nær m.a. til útgáfu markaðsleyfa, skráningar aukaverkana og eftirlits með fyrirtækjum og stofnunum sem sýsla með lyf. Samstarfið nær einnig til upplýsingakerfa og hafa margvíslegir samevrópskir gagnagrunnar og tölvukerfi á sviði lyfjamála verið þróaðir eða eru í þróun. Þetta samstarf hefur m.a. haft í för með sér að starfsfólk Lyfjastofnunar tekur þátt og leysir verkefni í sérfræðinganefndum á framangreindum sviðum, bæði á vegum EMA, framkvæmdastjórnar ESB og forstjóra lyfjastofnana Evrópska efnahagssvæðisins, HMA (e. Heads of Medicines Agencies). Forstjóri Lyfjastofnunar á sæti í stjórn Lyfjastofnunar Evrópu en án atkvæðaréttar enda er Ísland ekki aðili að ESB. Á vettvangi ESB hefur um langt skeið verið unnið að því að fá heimild til að nota rafræna fylgiseðla með lyfjum í stað prentaðra innan EES. Hagsmunum lítilla markaðssvæða eins og Íslands hefur markvisst verið komið á framfæri. Markaðurinn er örmarkaður og einn af þeim smæstu í Evrópu, sem gerir það að verkum að aðgengi að lyfjum er ófullnægjandi og lyfjaskortur algengur. Rafrænir fylgiseðlar í stað prentaðra eru ein af þeim leiðum sem mögulegar eru til að auka aðgengi að lyfjum og lækka kostnað á litlum markaðs- og málsvæðum. Frá árinu 2018 hafa rafrænir fylgiseðlar lyfja verið á forgangslista ríkisstjórnar um mál sem ná skuli fram á vettvangi ESB, en mun lengra er síðan Ísland hóf að vinna málinu framgang. Tillögur framkvæmdastjórnar ESB að heildarendurskoðuðum lyfjalögum voru birtar 26. apríl 2023 og eru nú til meðferðar hjá ráðherraráðinu og Evrópuþinginu. Meginmarkmið endurskoðunarinnar falla ágætlega að hagsmunum Íslands, þ.e. að tryggja nægt framboð lyfja og aðgengi að þeim á sanngjörnu verði óháð búsetu og koma í veg fyrir lyfjaskort. Tillögunum er einnig ætlað að hvetja til nýsköpunar, m.a. á sviðum þar sem meðferðarræði skortir, hagnýta nýjar vísinda- og tækniáferðir sem koma fram á sjónarsviðið og auka samkeppnishæfni lyfjaiðnadarins með einföldun kerfisins á sama tíma og tekið er aukið tillit til umhverfissjónarmiða. Það er sérstaklega ánægjulegt fyrir Ísland að fram komnar tillögur fela í sér heimild fyrir notkun rafrænna fylgiseðla með lyfjum. Fylgjast þarf með framgangi tillagnanna með tilliti til hagsmuna Íslands. Tillagan er stödd fremur framarlega í lagasetningarferli ESB og ólíklegt að ný gerð komi til skoðunar til upptöku í EES-samninginn

fyrir en seinni hluta árs 2025. Heilbrigðisráðuneytið og Lyfjastofnun hafa borið meginþungann af hagsmunagæslu vegna málsins.

7. Önnur mál tengd EES-samstarfinu.

7.1 Gervigreind.

Tillaga að reglugerð um nýja heildstæða löggjöf um gervigreind (e. Artificial Intelligence) var lögð fram af framkvæmdastjórn ESB í apríl 2021 og hefur hún síðan verið til umfjöllunar á Evrópuþinginu og í ráðherraráði ESB, en pólitísk niðurstaða um nýja löggjöf lá fyrir í byrjun desember 2023. Samhliða tillögunni lagði framkvæmdastjórnin jafnframt fram orðsendingu til Evrópuþingsins, ráðherraráðs ESB, efnahags- og félagsmálanefndar ESB og svæðanefndarinnar þar sem lögð var fram stefnumörkun um nálgun ESB í gervigreindarmálum almennt. Verður um að ræða fyrstu heildstæðu löggjöf á þessu sviði innan sambandsins og jafnvel á heimsvísu. Mun löggjöfin þannig marka tímamót.

Í tillögunni er gervigreind skilgreind sem hugbúnaður eða hugbúnaðarkerfi sem getur dregið rökréttar ályktanir, m.a. á grundvelli tölfræði- og líkindareiknings og lært af fenginni reynslu (vélanám). Til að skapa skýr viðmið og til að greina gervigreind frá öðrum og einfaldari hugbúnaði, er skilgreiningin afmörkuð við hugbúnaðarkerfi sem þróuð eru með vélanámsaðferðum og rökfræði- og þekkingaraðferðum. Reglur um gæði gagna, gagnsæi, mannlegt eftirlit og ábyrgð eru einnig hertar. Gerðinni er jafnframt ætlað að taka á siðferðilegum álitaefnum og áskorunum við beitingu gervigreindar á ýmsum sviðum samfélagsins, svo sem við veitingu heilbrigðisþjónustu, menntunar og fjármálaþjónustu.

Í tillögunni er lagt til að heimilt verði að leggja sektir á framleiðendur gervigreindarhugbúnaðar og þá sem miðla aðgangi að slíkum búnaði ef farið er gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Sektir geta numið allt að 30 milljónum evra eða 6% af alþjóðlegum tekjum viðkomandi aðila. Að senda rangar eða villandi upplýsingar til eftirlitsaðila getur jafnframt leitt til sektarálagningar.

Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir því að komið verði á fót evrópsku gervigreindarráði (e. European Artificial Intelligence Board) sem ætlað er að hafa umsjón með framkvæmd reglugerðarinnar og tryggja samræmda innleiðingu og framkvæmd hennar í aðildarríkjunum. Er ráðinu jafnframt ætlað að gefa út álit og tilmæli um álitamál sem upp koma við framkvæmdina og veita yfirvöldum í aðildarríkjunum leiðbeiningar.

Væntanlegri reglugerð er ætlað að draga úr líkum á því að gervigreind valdi samfélagslegum skaða á sama tíma og henni er ætlað að hvetja til jákvæðrar samfélagslegrar nýsköpunar á sviði gervigreindartækni. Mikilvægt er að ná jafnvægi á milli annars vegar nauðsynlegra takmarkana til að vernda fólk og samfélagslega innviði og hins vegar að gæta þess að þær sömu takmarkanir komi ekki í veg fyrir að hægt verði að þróa og nýta möguleika gervigreindar með jákvæðum hætti fyrir fólk og samfélög. Þá þarf að gæta alþjóðlegri samkeppnisstöðu og innri markaðarins á þessu sviði.

Tillagan byggir á áhættumiðaðri nálgun og setur skyldur á framleiðendur gervigreindarhugbúnaðar og þá sem miðla henni í hlutfalli við það hversu mikla áhættu eða skaða gervigreindin er talin geta skapað eða valdið. Með þessu verða gervigreindarkerfi sem teljast búa yfir óásættanlegri áhættu fyrir öryggi fólks og samfélagslega innviði bönnuð.

7.2 Samningur Íslands og ESB um viðskipti með landbúnaðarvörur.

Endurskoðun samnings Íslands og ESB um viðskipti með landbúnaðarvörur er á meðal stefnumála ríkisstjórnarinnar, en málið á sér lengri aðdraganda.

Meginhagsmunir Íslands snúa að því hvernig skapa megi meira jafnvægi í samningsskuldbindingu aðila, sérstaklega með tilliti til tollfrjálsra innflutningskvóta. Nýting íslenskra útflytjenda á tollkvótum til innflutnings til ESB-ríkja heldur í flestum tilvikum áfram að vera lítil á meðan ESB-ríkin hafa getað nýtt þá innflutningskvóta sem samningurinn veitir þeim til Íslands nær að fullu. Þá sækist Ísland eftir öryggisákvæði í samninginn ef það verður skörp lækun á neyslu innanlands, eins og á tímum Covid-faraldursins.

Síðustu samtöl við ESB áttu sér stað í desember 2022 og síðan þá hafa næstu skref verið til skoðunar, m.a. í samráði við hagaðila. Á fyrri hluta árs 2023 freistuðu stjórnvöld þess að að tengja viðræðurnar við viðræður um bættan markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir og framlög til nýs Uppbyggingarsjóðs EES sem staðið hafa yfir á árinu. ESB taldi sig ekki hafa umboð til þess að tengja þær viðræður, sem fjalla um tímabundin fjárframlög og markaðsaðgang, við endurskoðun landbúnaðarsamningsins. Nú liggur fyrir viljayfirlýsing milli Íslands og ESB um endurskoðun markaðsgangs fyrir vörur á víðari grunni þar sem tækifæri skapast til að vinna áfram að markmiðum Íslands hvað varðar landbúnaðarsamninginn.

Í þessu sambandi verður þó að benda á að markaðsforsendur hér eru nokkuð aðrar en þær voru þegar ákveðið var að óska eftir endurskoðun. Eftirspurn hefur aukist mikið á innanlandsmarkaði og henni verður að mæta með innflutningi, oft umfram umrædda kvóta. Þá hafa aðilar vinnumarkaðarins kallað eftir frekari lækun tolla. Haldið skal til haga að samningurinn gegnir mikilvægu hlutverki við að tryggja framboð á markaði fyrir aðrar landbúnaðarvörur en þær sem tollkvótar eru veittir fyrir samkvæmt samningnum. Þetta þarf allt að skoða nú þegar lagt er á ráðin um næstu skref.

7.3 Þátttaka í heilbrigðissamstarfi ESB um heilsuvá.

Ísland og Noregur hafa um tveggja ára skeið unnið að því tryggja þátttöku í heilbrigðissamstarfi ESB, bæði hvað varðar undirbúning fyrir heilsuvá (e. preparedness) en einnig hvað varðar samstarf í krísuástandi (e. response). Nýverið hefur Liechtenstein einnig lýst yfir áhuga á að taka þátt í heilbrigðissamstarfinu.

Samstarfið snýst m.a. um gerð forvarnar- og viðbragðsáætlana, mat á álagspoli heilbrigðiskerfa og þjálfun og æfingu viðbragða, sameiginleg innkaup, samvinnu um sóttvarnarvöktun og greiningu og rannsóknargetu og viðvörunarkerfi vegna sóttvarnarhættu og skorts á heilbrigðisvörum og áhættugreiningu. Ennfremur er samstarfið fólgið í samræmdum viðbrögðum við aðsteðjandi heilsuvá, svo sem með samþykkt álita eða tilmæla, yfirlýsingu neyðarstigs og virkjun sameiginlegra viðbragðskerfa, m.a. beitingu viðbragðshópa.

Hvað undirbúningsþáttinn varðar þá er unnið að því að taka upp flesta þætti sem að honum snúa í EES-samninginn. Þessari vinnu hefur verið hraðað að undanförmu. Ísland á þegar aðkomu að stjórnarnefndum um helstu áætlanir sem fjármagna samstarfið.

Til viðbótar mun þurfa viðræður við ESB um fyrirkomulag þátttöku í kringum samstarf í krísuástandi, m.a. með tilliti til fjárframlaga við slíkar aðstæður og aðkomu að ákvörðunartöku. Markmiðið er í raun að fyrir liggi rammi samstarfs sem grípa megi til þegar og ef bregðast þarf við aðsteðjandi hættu, frekar en að þá þurfi að fara að semja um samstarfsrammann, t.d. um sameiginleg innkaup. Árið 2022 áttu fulltrúar Íslands og Noregs könnunarfundi með framkvæmdastjórn ESB þar sem rætt var um hvernig útfæra mætti samstarfið og helstu álitæfni. Framkvæmdastjórnin var jákvæð fyrir þátttöku ríkjanna. Vinnur framkvæmdastjórnin nú að því að skoða nánari útfærslu og afla umboðs aðildarríkja til frekari viðræðna. Stefnt er að því að viðræður hefjist á næsta ári.

Sem hluti af samhæfingu heilbrigðissamstarfsins hefur framkvæmdastjórn ESB sett upp sérstakt stjórnarsvið – HERA. Ísland fékk fyrir á árinu áheyrnaraðild að stjórn HERA.

Viðauki: Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem teknar voru með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu frá og með júlí 2022 til og með júní 2023.

Ákvörðun nr.	Gerð	Staða innleiðingar
249/2022	Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1269 um breytingu á framseldri tilskipun (ESB) 2017/593 að því er varðar samþættingu sjálfbærniþátta í afurðastýringarskyldur.	Innleidd með reglugerð nr. 1357/2022. Stjórnskipulegum fyrirvara var aflétt 14. desember 2022.
270/2022	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1151 um breytingu á tilskipun (ESB) 2017/1132 að því er varðar notkun stafrænna tóla og ferla í félagarétti.	Fyrirhugað er að frumvarp til laga um innleiðingu gerðarinnar verði lagt fram á vorþingi 2024.
329/2022	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2261 um breytingu á tilskipun 2009/65/EB að því er varðar notkun rekstrarfélaga verðbréfasjóða á lykilupplýsingaskjölum.	Innleidd með lögum um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (nýsköpun, fjöldatakmörk vistvænna ökutækja o.fl.), nr. 128/2022
333/2022	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 um að koma á sameiginlegri stafrænni gátt til að veita aðgang að upplýsingum, málsmeðferðarreglum og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012.	Fyrirhugað er að frumvarp til laga um innleiðingu gerðarinnar verði lagt fram á vorþingi 2024.
337/2022	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1808 um breytingu á tilskipun 2010/13/ESB um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) í ljósi breytinga á markaðsaðstæðum.	Fyrirhugað er að frumvarp til laga um innleiðingu gerðarinnar verði lagt fram á haustþingi 2023.

17/2023	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/369 um að koma á nauðsynlegum tækniforskriftum og verklagsreglum fyrir samtengingarkerfi miðlægra skráa sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849.	Fyrirhugað er að frumvarp til laga um innleiðingu gerðarinnar verði lagt fram á haustþingi 2023.
050/2023	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1157 um að efla öryggi kennivottorða borgara Sambandsins og dvalarskjala sem gefin eru út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra sem nýta sér réttinn til frjálstrar farar.	Innleidd með lögum um nafnskirteini, nr. 55/2023, sem munu öðlast gildi 1. desember nk.